

Jarðarfarir

Útför Eyþórs Hallssonar, fyrrverandi skipstjóra, Siglufirði, verður gerð frá Siglufjarðarkirkju 13. febrúar kl. 14.

Guðmundur Jósefsson, fyrrv. hús-vörður á Hallveigarstöðum, Hátúni 4, verður jarðsungiinn frá Fossvogskirkju í dag, 12. febrúar, kl. 15.

Ásdís Katrín Einarsdóttir, er lést sunnudaginn 7. febrúar, verður jarðsungiinn frá Ísafjarðarkapelli laugardaginn 13. febrúar kl. 14.

Ársæll Jóhannsson, bóndi, Ljótastöðum, Austur-Landeyjum, sem andaðist í Landspítalanum 8. febrúar, verður jarðsungiinn frá Akurey-jarkirkju laugardaginn 13. febrúar kl. 14.

Minningarathöfn um Grétar Halldórsson, Hábæ, Vestmannaeyjum, sem fórst í Bandaríkjunum þann 19. september 1987, verður haldin laugardaginn 13. febrúar kl. 14 í Landakirkju í Vestmannaeyjum.

Jónfríður Jónsdóttir lést 5. febrúar sl. Hún fæddist að Tungu í Örlygshöfn 22. september 1904. Foreldrar hennar voru Jón Einarsson og Ingveldur Jónsdóttir. Eftirlifandi eiginmaður Jónfríðar er Konráð Júlíusson. Þeim hjónum varð ekki barna auðið. Útför Jónfríðar verður gerð frá kapellunni við Hafnarfjarðarkirkjugarð í dag kl. 13.30.



Jón I. Jónsson lést 5. febrúar sl. Hann fæddist að Hafnarhólmi 12. janúar 1917. Foreldrar hans voru Jón Konráðsson og Guðbjörg Gestsdóttir. Jón lærði múraraðnið við Iðnskólann í Reykjavík og lauk þaðan sveinsprófi árið 1955. Við iðn sína starfaði hann allt til haustsins 1981 er hann varð að láta af störfum vegna heilsu-brests. Eftirlifandi eiginkona hans er Helga Charlotte Klitch. Þeim hjónum varð fimm barna auðið. Útför Jóns verður gerð frá Bústaðakirkju í dag kl. 13.30.



Sæmundur Dúason lést 4. febrúar sl. Hann fæddist í Langhúsum í Fljótum 10. nóvember 1889. Foreldrar hans voru Eugénía Jónsdóttir Norðmann og Dúi Kristján Grímsson. Sæmundur lauk námi frá Kennarskóla Íslands 1934. Hann kenndi fyrst í Fljótum, síðan í Grímsey og loks á Siglufirði. Hann kvæntist Guðrúnu Valdnýju Þorlaksdóttur. Þau hjónin eignuðust sex börn og komust fjögur til fullorðinsára. Einnig ólu þau upp tvö föstur börn. Útför Sæmundar verður gerð frá Akureyrarkirkju í dag kl. 13.30.

Fundir

Félag áhugamanna um réttar-sögu

Mánudaginn 15. febrúar nk. kl. 20.30 verður haldinn fræðafundur á vegum Félags áhugamanna um réttarsögu. Fundurinn verður haldinn í Lögbergi, húsi lagadeildar Háskóla Íslands, stofu 103. Á fundinum mun Inga Huld Hákonardóttir, blaðamaður og rithöfundur, flytja erindi sem hún nefnir Uppruna stóra-dóms. Að loknu erindinu verður gert stutt kaffihlé og síðan verða almennar umræður um efni erindisins. Félags-

Menning

Andlit í spegli

Sjálfsmyndasýning að Kjarvalsstöðum

Sjálfsmyndir heitir sýning sem nú hangir uppi að Kjarvalsstöðum. Þar hafa verið dregnar saman 70 myndir sem íslenskir myndlistarmenn hafa gert af sjálfum sér á þeim rúmlega 100 árum sem liðin eru síðan við eignuðumst atvinnu-menn í listinni.

Hér er út af fyrir sig um ágæta uppátekt að ræða því í sjálfsmyndum listamanna kristallast einatt hugmyndir þeirra, réttar og rangar, um sjálfa sig, stöðu í myndlistarsögunni og samtímanum.

Það er til dæmis órávegur frá blý-antsteikningu Arngríms Gíslasonar, sem tekur góða og gilda mynd ljósmyndavélarinnar, eða þeim myndum sem Þórarinn B. Þorláksson dregur upp af sjálfum sér sem rómantískum gruflara af millistétt, til sjálfsmynda Vignis Jóhannessonar frá því á þessu ári þar sem listamaðurinn sýnir sig ekki sem „persónuleika“ heldur sem villtan og lostafullan skógarpúka, samansafn af ástríðum fremur en vitsmunum.

Þetta segir svo auðvitað allt mögulegt um andrúmsloftið í listaheiminum um þessar mundir.

Ástæður þess, að myndlistarmenn gera myndir af sjálfum sér, eru ansi margar. Sumir eru í og með að ítreka þjóðfélagslega stöðu



Þórarinn B. Þorláksson – Sjálfsmynd.

Myndlist

Aðalsteinn Ingólfsson

sína (sjá myndir Þórarins B. og Jóns Stefánssonar), aðrir eru að leita að sínum innra manni (Ásgrímur, Júlíana), aðrir skrá tímann eins og hann birtist í eigin andlitsdráttum eða aðstæðum (Ásgrímur, Hreinn Friðfinnsson), enn aðrir nota andlit sitt sem hreina átyllu til formrænna ígrundana (Jón Stef-

ánsson) eða velta fyrir sér líkamlegu ástandi sínu (Guðrún Tryggvadóttir).

Kveðja til Parísar

Á endanum verður sá sem tekur saman svona sýningu að gera upp við sig hvort allar myndir, sem bera heitið „sjálfsmynd“, séu það í raun og veru. Og þá erum við auðvitað kominn út í heimspekilegar pælingar.

Harpa Björnsdóttir málur til dæmis mynd af hálf-kúbiskri figúru sem er kveðja hennar til Parísar („Au revoir“ hljóðar texti í myndinni).


Hvers vegna er þetta mynd af henni sjálfri?

Af hverju er Árni Ingólfsson með poka yfir höfðinu í sinni mynd. Getum við verið viss um að myndin sé af honum sjálfum? Skiptir það máli?

Og hvað er myndefni af gjörningi eftir Rúrí að gera þarna þegar hún notar sjálfa sig aðeins sem „instrúment“ til að myndgera viðtekin hegðunarmynstur í þjóðfélaginu?

Að skýra og skoða

Allt þetta, og meira til, hefst mátt skýra og skoða, jafnvel gera að pedagógískri upplifun, en það tæki-



Jón Engilberts – Sjálfsmynd, 1965.

færi hafa skipuleggjendur látið ganga úr greipum sér.

Þetta heitir víst að „stikla í gegnum íslenska listasögu“ og reyna „eftir megni að velja margbreytileg og góð verk listunnendum til skemmtunar og yndisauka“ í stað þess að gera „sögulega eða fræðilega úttekt á sjálfsmyndum íslenskra listamanna“ (sjá sýningar-skrá) - eins og slík úttekt geti ekki verið til skemmtunar og yndisauka, svo ekki sé horft fram hjá fróðleiknum.

Er ekki bara verið að réttlæta handahófskenndan samtíning?

Í fljótu bragði gæti ég nefnt sjálfsmyndir eftir sex aðra listamenn sem allir hefðu aukið á gildi þessara sýningar: Sölva Helgason, Halldór Pétursson, Hörð Agústs-son, Erró, Diter Rot og Leif Breiðfjörð.

Verst er að þegar búið er að setja upp og klúðra einni slíkri sýningu er alltaf löng bið á því að önnur sýning með svipuðum markmiðum verði sett upp á landinu.

-ai

Heimild til verkfallsboðunar samþykkt á Dagsbrúnarfundi:

Menn komnir á suðumark

– segir Guðmundur J. Guðmundsson, formaður félagsins

„Það er rosalegur hugur í fólki, rosaleg harka. Menn eru komnir á suðumark,“ sagði Guðmundur J. Guðmundsson, formaður Verkamannafélagsins Dagsbrúnar, í samtali við DV, en á fjölmennum fundi Dagsbrúnar í gær var samþykkt tillaga um að veita stjórn og trúnaðarmannaráði félagsins heimild til verkfallsboðunar. Var tillaga þess efnis samþykkt með nær öllum atkvæðum gegn tveimur. Fundurinn var haldinn í Austurbæjarbíói og var húsfullir og taldi Guðmundur að þar hefðu verið um 800 manns.

„Því var lýst yfir þarna að menn myndu hyggja að veðri og veðurlíti áður en verðfall yrði boðað en það verður ekki setið í marga daga áður en verkfallsvopninu verður beitt,“ sagði Guðmundur.

„Ef einhver sýnilegur árangur verður af viðræðunum munum við halda áfram en ef árangurinn verður lítill er stutt í að verkfallsvopninu verði beitt,“ sagði Guðmundur.

menn og aðrir áhugamenn eru hvattir til að mæta á fundinn. Fundurinn er öllum opin.

Tilkynningar

Félag Eskfirðinga og Reyðfirðinga

heldur þorablót í Goðheimum, Sigtúni 3, í kvöld, 12. febrúar, og hefst það með borðhaldi kl. 20. Húsið opnað kl. 19.30.

Neskirkja – félagstarf aldraðra

Samverustund á morgun, laugardag, kl. 15 í safnaðarheimili kirkjunnar. Spilað verður bingó.

Bókmenntakynning á Kjarvalsstöðum

Í tilefni af sýningunni Sjálfsmyndir efna Kjarvalsstaðir til bókmenntakynningar á sjálfsævisögum íslenskra rithöfunda. Þar verður lesið úr verkum Þórbergs Þórðarsonar, Halldórs Laxness og Sigurðar Á. Magnússonar, auk þess sem rithöfundarnir Árni Bergmann og Pétur Gunnars-



Fjölmennt var á Dagsbrúnarfundinum í gær og mikill stuðningur við heimild til verkfallsboðunar í atkvæðagreiðslu DV-mynd GVA

Á fundinum var kjarabaráttunni undanfarið lýst og farið í gegnum kröfur Verkamannasambandsins lið fyrir lið og síðan var lögð fram tillaga um heimild til verkfallsboðunar.

Tónleikar

Tónleikar í Hallgrímskirkju

Á morgun, laugardag 6. febr. kl. 14, verða haldnir tónleikar í Hallgrímskirkju þar sem fluttir verða tveir konsertar eftir Vivaldi fyrir tvö óbó, tvær klarínettur, strengi og sembal. Hvorugur þessara konserta hefur áður verið fluttur opinberlega á tónleikum hér á landi.

Námskeið

Reykjavíkurdæld RKÍ heldur námskeið í skyndihjálpi. Það hefst þriðjudaginn 16. feb. að Ármúla 34 (Múlabæ) kl. 20 og stendur yfir 5 kvöld. Skráning í síma 28222. Námskeiðsgjald er kr. 1000. Leiðbeinandi verður Guðlaugur Leósson. Öllum er heimil þátttaka. Á námskeiðinu verður leitast við að veita sem almenn-

Guðmundur sagði að það hefði verið mikil stemning á fundinum og hugur í fólki.

„Það var gífurleg harka í mönnum og á þessum fundi var mikið af ungu

fólki og þó að aðeins séu um hundrað konur í Dagsbrún þá voru þrjátíu eða fjórutíu mættar þarna,“ sagði Guðmundur.

-ój

asta þekkingu um skyndihjálpi. M.a. verða kennd viðbrögð við öndunarstoppi, beinbrotum, bruna og sýnd myndbönd um ýmsa þætti skyndihjálpar. Nú er gott tækifæri fyrir fólk til að læra fyrstu viðbrögð við slysum eða endurbæta fyrri þekkingu. Talið er nauðsynlegt að fólk

fari í gegnum allt námskeiðið á 3 ára fresti til að halda þekkingunni við en fari á 2 kvöldu upprifunarnámskeið einu sinni á ári. Boðið verður upp á slík námskeið á næstunni ef þátttaka fæst. Námskeiðinu lýkur með verkefni sem hægt er að fá metið í ýmsum skólum.

†
Innilegar þakkir til allra þeirra sem sýndu okkur samúð og hlýhug vegna fráfalls og útfarar

SIGURÐAR STEINARS SIGURÐSSONAR OG JÓNINU GUÐRÚNAR SIGURÐARDÓTTUR

GRUNÐARBRAUT 12
OLAFSVÍK

Sérstakar þakkir til allra sem veittu okkur aðstoð vegna minningarathafnar og jarðarfararinnar.

Sigurður Valdimarsson
Guðrún Sigurðardóttir
Ragnhildur Guðmundsdóttir